

Stóra upplestrarkeppnin

20 ára

Það eru oft tilviljanir sem verða til þess að breytingar verða á kennsluháttum og stundum er ekið af stað án þess að athuga færðina. Hún var afdrifarík ferð Baldurs Sigurðssonar um árið þegar hann brá sér í sund og í heita pottinn og hitti þar konu sem sagði honum frá upplestrarkeppni meðal nemenda í sínu heimalandi sem var Slóvakía. Baldur upptendraðist eftir þessa ferð, kom að máli við Þórð Helgason en þeir kenndu báðir íslensku í Kennaraháskóla Íslands og ræddu síðan við mig sem hafði kennt yfir 20 ár móðurmál í grunnskóla og var um þessar mundir formaður Samtaka móðurmálskennara. Við höfðum auk þess lengi kennt á kennaranámskeiðum framsögn og tjáningu og vissum öll að þessi þáttur móðurmálskennslunnar hafði oft fallið utan garðs sökum þess að kennarar töldu sig ráða illa við framsagnarkennslu.

En þetta sama ár, 1996 var grunnskólinn fluttur frá rekstri ríkisins yfir til sveitarfélaganna og má segja að það hafi ríkt viss eftirvænting en um leið kvíði við þessar breytingar. Ég var að hefja störf á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar en Hafnarfjörður hafði undirbúið komu grunnskólans afar vel, það voru skólamenn við stjórnvölinn í bæjarfélaginu og ég þekkti alla skólastjórana og vissi að nýju verkefni yrði tekið vel.

Við hófum leikinn

Við hófum því leikinn, fórum af stað með námskeiðahald og buðum kennurum til þátttöku. Við Íslendingar

áttum líka orðið dag íslenskrar tungu og við töldum vel við hæfi að setja verkefnið formlega af stað þann 16. nóvember 1996 og þá voru skráðir 200 nemendur til leiks í fimm skólum í Hafnarfirði og á Álftanesi. Við ákváðum strax í upphafi að skipta verkefninu í tvennt, annars vegar ræktunarhluta og svo í hátíðarhluta.

Eitt af því sem við gerðum allan veturinn var að skrá hjá okkur allar athugasemdir sem komu frá kennurum, öll smáatriði sem þurfti að ljúka á ræktunartímabilinu og við veittum kennurum handleiðslu allt tímabilið sem var afar lærdómsríkt. Þegar kom að hátíðarhlutanum sem var í mars þá þurftu kennarar að hafa valið fulltrúa skólans til að mæta á lokahátíðina sem við ákváðum strax að yrði að vera í viðeigandi hátíðarsal og þar yrði allt gert til að sýna bæði lesurum og áheyrendum þá virðingu sem við vildum að einkenndi verkefnið. Fyrsta hátíðin var því haldin í Hafnarborg, menningarmiðstöðinni í Hafnarfirði þann 4. mars 1997 og þar lásu 10 nemendur ljóð og texta eftir Jónas Hallgrímsson sem við höfðum valið og okkur fannst alveg sjálfsagt að Jónas yrði fyrsti höfundurinn. Við buðum að sjálfsgöðu menntamálaráðherra á hátíðina og við höfum stundum sagt að hann hafði orðið svo skotinn í þessu verkefni að hann ákvað á stundinni að styrkja okkur áfram með 300 þúsund krónum svo við gætum þróað verkefnið áfram.

Það er merkilegt til þess að hugsa að þessi skráning okkar fyrsta árið var svo góð og nákvæm að úr þessu varð til handbókin góða sem segir nákvæmlega til um skipulag hvort sem er á ræktunarhlutanum eða hátíðarhlutanum. Þar stendur hvað þarf að gera í hverjum mánuði, það eru leiðbeiningar um framsagnarkennslu, hvað það er sem er metið og hvernig hátíðarhlutinn fer fram.

Við fundum meira að segja strax á fyrsta ári að það yrði nauðsynlegt að segja til um hvenær ætti að klappa á hátíðunum og enn þann dag í dag er forminu alls staðar fylgt.

Næsta ár fluttum við okkur aðeins út fyrir Hafnarfjörð og buðum nærliggjandi sveitarfélögum til leiks, héldum námskeið og gættum þess vandlega að styðja vel við kennarana. Þar lá líka galdurinn, við urðum að fá kennarana í lið með okkur og við vissum öll að kennarar eru viðkvæmir fyrir öllu sem kemur að ofan, eins og sagt er svo þetta var vandaverk. Við



INGIBJÖRG EINARSDÓTTIR

höfðum ávallt að leiðarljósi vandvirkni, virðingu og ánægju sem urðu fljótlega einkunnarorð Stóru upplestrarkeppninnar. En við áttuðum okkur kannski ekki á því alveg strax að við vorum komin af stað með stórfyrirtæki þar sem bæjarfélögin biðu eftir að fá að komast að. Við fórum af stað í fyrstu án þess að hugsa um fjárhagslegu hliðina en sáum auðvitað fljótlega að við yrðum að fá styrki til að geta komið þessu á um allt land. Menntamálaráðherra vildi gera við okkur samning til tveggja ára svo við gætum ráðið verkefnisstjóra og ráðherra taldi alveg nauðsynlegt að við kæmum þessu á um allt land. Það tókst árið 2001 og má segja að síðan þá hafi nær öll bæjarfélög landsins verið skráð til verkefnisins.

Mörg álitamál í upphafi

Það má rifja svo margt upp, í nokkur ár voru umræður á hverju hausti meðal kennara hvort við værum nú að velja réttan árgang, hvort 7. bekkur væri sá besti, hvort þetta hentaði ekki betur í 6. bekk eða 8. bekk og svo var nú rætt um nafnið í nokkur ár. Við sem stóðum í brúnni kölluðum okkur bara undirbúningsnefnd um landsverkefni í upplestri og svo sáum við að verkefnið yrði að heita eitthvað annað og ég man eftir mikilli umræðu á námskeiðum með kennurum þar sem voru mjög skiptar skoðanir um nafnið Stóra upplestrarkeppnin, aðallega um keppnishugtakið.

En svo kom að því að allir urðu mjög sáttir við nafnið og það hefur fest sig í sessi. Allir þekkjast Stóru upplestrarkeppnina og öllum þykir vænt um hana og minnst hennar með hlýju brosi og hún hefur víða fengið nafnið Vorboðinn en fátt hlýjar Íslendingum meira en aukin birta og vorkoman.

Raddir stofnaðar

Árið 2004 kom að því að okkur var vinsamlega bent á það í ráðuneytinu að við yrðum að stofna um verkefnið formlegt félag. Við höfðum hreinlega ekki mátt vera að því að hugsa um slíkt og þetta var mjög mikilvægt þegar til framtíðar var litið. Stofnfundur var haldinn á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og þar mættu allir fulltrúar aðstandenda keppninnar sem voru frá Kennaraháskóla Íslands, Samtökum móðurmálskennara, Íslenskri málnefnd, Heimili og skóla, Íslenska lestrarfélaginu, Kennarasambandi Íslands, Rithöfundasambandinu og síðar bættist við Félag forstöðumanna á almenningsbókasöfnum.

Á þeim fundi var gengið frá lögum félagsins og kosið um nafnið sem varð Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn. Kosin var stjórn og var Baldur Sigurðsson kosinn fyrsti formaður Radda.

Í félagsráði Radda sitja síðan fulltrúar þeirra félaga og stofnana sem aðild eiga að verkefninu.

Mikil vinna hefst

En þó búið væri að stofna formlegt félag og félagsráðið væri fullskipað þá hófst á hverju hausti mikil vinna því það gerist nefnilega ekkert af sjálfu sér. Verkefnið þurfti styrka stjórn og þannig er það enn. Áfram gátum við ráðið verkefnisstjóra í verkin en það gekk ekki alltaf vel að fjármagna verkefnið að öðru leyti. Við þurftum fjármagn til verðlauna og á meðan Sparisjóðirnir voru og hétu þá má segja að þeir hafi tekið að sér að veita verðlaun í þrjú efnu sätin. Þetta féll vel að þeirra áherslum í styrkveitingum og við þurftum ekki að sækja til þeirra á hverju ári. En svo allt í einu áttum við enga Sparisjóði og þá hófst leitinn að fjársjóðum. Við áttum alltaf nokkuð greiðan aðgang að bókaútgefendum og þeir hafa alltaf stutt vel við verkefnið og núna í átta ár hefur Félag íslenskra bókaútgefenda sérprentað verðlaunabók með ljóðum skálds keppninnar hverju sinni. Það er mjög merkilegt framtak og þakkarvert.

Í tvö ár veitti Penninn/Eymundsson verðlaun í þrjú efnu sätin og Íslandsbanki líka í tvö ár og við áttum von á þeirra framlagi áfram en þegar verkefnið var



HVAÐ Á AÐ STANDA HÉR?

komid á fullt skrið sl. haust þá hurfu þeir á braut. En það sem okkur hefur ávallt þótt einkar vænt um er styrkur sem kemur nær árlega frá Barnavinafélaginu Sumargjöf. Stjórn þess félags sendir okkur ávallt fallegt bréf með góðum fréttum og segja að ef eitthvert verkefni eigi að styrkja þá sé það Stóra upplestrarkeppnin og ekki orð um það meir!!

En við höfum átt fleiri velunnara og má þar nefna Flugfélag Íslands, Mjólkursamsöluna, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og svo leggja mörg önnur bæjarfélög mikinn metnað í sínar lokahátíðir og styrkja þær með ýmsum hætti.

Allir sitja við sama borð

Stór hluti af velgengni verkefnisins er að það er á landsvísi, allir sitja við sama borð hvort sem árgangurinn er stór eða hefur jafnvel einn nemanda. Það er í raun mjög athyglisvert og ánægjulegt að heill árgangur í grunnskóla skuli ár hvert verja stórum hluta vetrar til að æfa sig við flutning móðurmálsins og stíga síðan á stókk, lesa af listfengi og fylla félagsheimili og kirkjur landsins af áhugasömum áheyrendum.

Markmið Stóru upplestrarkeppninnar eru og hafa ávallt verið þau sömu:

- Að vekja athygli og áhuga á vönduðum upplestri og framburði.
- Að kennarar leggi markvissa rækt við einn þátt móðurmálsins með nemendum
- Að fá alla nemendur til að lesa upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju.

Við heyrðum gjarna fyrstu árin að þetta væri nú verkefni sem væri bara fyrir sterkustu nemendurna og hinir kæmu ekki fram. Það kom fljótlega í ljós að svo var ekki því þeir seinlæsu og nemendur sem höfðu átt í lestrarerfiðleikum voru ekki síður að blómstra og ástæðuna teljum við þá að við höfum alltaf lagt áherslu á undirbúinn flutning. Ef nemandi fær nægjan

undirbúningstíma og ekkert kemur honum á óvart þá gengur allt vel og ég gæti sagt ykkur margar kraftaverkasögur af hátíðunum þegar maður sér kennara og foreldra með tár á hvarmi yfir því að einmitt þessi nemandi sé kominn á lokahátíð til að lesa fyrir fullan sal af áheyrendum.

Eitt leiðir af öðru

Mörg hliðarverkefni hafa komið í kjölfar Stóru upplestrarkeppninnar og má þar helst nefna flutning Passíusálmanna í Hallgrímsskirkju tvívegis og í seinna skiptið tók Ríkisútvarpið upp lesturinn sem hljómaði árið eftir á páskaföstudunni og vakti mikla athygli og hrifningu.

Árið 2002 var svo haldin Laxnesshátíð í Þjóðleikhúsinu þar sem verðlaunahafar lásu ljóð og texta eftir Halldór Laxness og á þingum Ísl. málnefndar er lestur verðlaunahafa úr Stóru upplestrarkeppninni fastur liður í dagskránni og fleira mætti nefna.

Þá ber að nefna sprotaverkefni sem hófst á 15 ára afmæli Stóru upplestrarkeppninnar í Hafnarfirði sem er Litla upplestrarkeppnin í fjórða bekk. Sú keppni er byggð á sömu hugmyndafræði og sömu markmiðum og sú Stóra en löguð að yngri nemendum og keppnishugtakið felst í því að verða betri í lestri í dag heldur en í gær. Hátíðarhlutinn er með öðrum hætti, þar koma allir nemendur í árgangi fram og lesa texta og ljóð, ýmist einir eða í talkórum sem virðist vera aðferð sem vekur athygli og ánægju. Á síðasta ári tóku á milli 50 og 60 skólar þátt í Litlu upplestrarkeppninni og margir eru væntanlegir. Verkefnið er rekið í náinni samvinnu við Raddir en er rekið að mínu frumkvæði.

Hugsjónastarf sem nýtur velvildar er býr við fjárskort

Þegar keppnin var 18 ára þá ákvað stjórn Radda að spyrja nú sig og félagsráðið hvort þetta væri ekki orðið ágætt og hvort við ættum ekki að senda barnið að

heiman því við sjálfræðisaldur breyttist oft ýmislegt. Við höfðum vissulega sleppt ýmsu lausu og hættum t.d. að gera það að skyldu að formenn dómnefnda á lokahátíðum væru allir frá Röddum. Raunin er að þó við höfum gert þetta valfrjálst þá var beðið um dómara frá Röddum á 27 hátíðir af 28 í vor svo við njótum enn mikilla vinsælda.

Við höfum ávallt reynt að uppfæra heimasíðuna okkar og þar er að finna handbókina og alls kyns leiðbeiningar eins og minnisblöð fyrir dómnefndarfólk svo dæmi sé tekið. Heimasíðan hefur verið vistuð í 10 ár á heimasíðu Hafnarfjarðar en höfuðból Stóru upplestrarkeppninnar hefur einmitt verið á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og notið þar mikillar velvildar. Vegna fjárskorts höfum við ekki getað ráðið verkefnisstjóra mjög lengi en einhvern veginn hefur þetta gengið áfram af hugsjón en við höfum samt getað greitt allan útlagaðan kostnað.

Þó flutningur grunnskólans til sveitarfélaga hafi gert skólunum margt gott þá finnum við hjá hinum dreifðum byggðum fyrir því að þeir meta svo mikils að vera með í verkefnum eins og Stóru upplestrarkeppninni. Það hafa margir skólastjórar á landsbyggðinni komið þessum skilaboðum til okkar. Við heyrum oft af greinum í héraðsblöðum eftir lokhátíðir á landinu og mig langar að lofa ykkur að heyra úr grein sem Ingileif Ástvaldsdóttir, skólastjóri Þelamerkurskóla skrifaði.

„Ég hef á undanföllum árum verið svo heppin að fá tækifæri til þess með nemendum mínum að taka þátt í undirbúningi keppninnar. Sú vinna hefur í öll skiptin verið ánægjuleg og gefandi, bæði fyrir mig og nemendur. Við undirbúning er skemmtilegast að upplifa hve nemendur taka verkefnið alvarlega og einnig að sjá hvernig sjálfsöryggi þeirra vex og hvernig nemendum tekst með æfingunni að ná góðum tókum á vönduðum flutningi texta, hvort sem hann er í bundnu eða óbundnu máli. Ánægjulegast af öllu er þó að verða vitni að því að við æfingar á upplestri

minnkar bilið á milli þeirra sem eiga auðvelt með lestur og þeirra sem gengur það síður.

Í samfélagi nútímans er að mínu mati nauðsynlegt að leggja rækt við færni og kunnáttu sem nemendur fá þegar þeir taka þátt í Stóru upplestrarhátíðinni. Það er einmitt að svo mörgu að hyggja þegar flytja þarf texta, sjálfum sér og öðrum til ánægju. Fyrst og fremst þarf að kynna textanum vel; það þarf að kynna hverju orði, hverju hljóði og hverjum staf. Og til að auka eigin skilning á textanum þarf jafnvel að velta fyrir sér úr hvaða umhverfi og samhengi hann er sprottinn. Það þarf líka að huga að líkamsstöðunni á meðan á flutningi stendur, það þarf að muna að sýna áheyrendum sínum virðingu og líka að reyna að ná stjórn á stressinu sem gjarnan gerir vart við sig fyrir framan fullan sal af fólki.“

Það er ekki auðvelt að gera í stuttu erindi greinargóða lýsingu á Stóru upplestrarkeppninni sem er stærsta þróunarverkefni í íslenskum grunnskólum, fyrr og síðar, sprottið upp af áhugasamtökum og eina læsisverkefnið sem á tuttugu ára sögu á bak við sig. Í dag hafa allir áhyggjur af læsi eða ólæsi ungmenna. Við höfðum það líka fyrir 20 árum.

Verkefnið fékk sérstaka viðurkenningu menntamálaráðuneytisins á degi íslenskrar tungu árið 2000 og árið 2006 fékk keppnin Foreldraverðlaun Heimilis og skóla.

Stjórn Radda talar fyrir félagsráðið sem er skipað fulltrúum allra aðstandenda og þar er eindreginn vilji til að reka verkefnið áfram takist að tryggja fjárhagslegt öryggi til nokkurra ára og áframhaldandi faglegt utanumhald.

Við sem stöndum að Stóru upplestrarkeppninni höfum ætíð haldið því á lofti að í þessu verkefni séu allir sigurvegarar því sá sem vandar sig við flutning móðurmálsins er í raun orðinn sigurvegari. Vegna þess að sigur er alls ekki það að sigra alla hina, heldur fyrst og fremst það að sigra sjálfan sig.

HÉR ER HÆGT AÐ
HAFNA MYNDA-
TEXTA TIL AÐ
SEGJA T.D. ÚR
HVAÐA SKÓLA
ÞESSIR KRAKKAR
ERU OG AÐ ÞAU
HAFI UNNIÐ TIL
VIÐURKENNINGA
(EÐA ER ÞAÐ EKKI
ANNARS?)

